

MINNISBLAÐ

Til: Stjórnar Odda bs.

Frá: Sigrúnu Björk Benediktsdóttur, leikskólastjóra Leikskólans Laugalandi og Rósu Hlín Óskarsdóttur leikskólastjóra á Heklukoti

Dags: 24. apríl 2019.

Hérna koma minnispointar sem óskað var eftir stjórnarfund Odda 23. apríl sem leikskólastjórar sátu að hluta til.

Rætt um biðlista og forgangsroðun barna.

Í dag raðast börn á biðlista eftir aldri. Þau elstu fyrst, nema sérstakar aðstæður mæli með að börn verði í forgangi. Vangaveltur voru varðandi það að þegar barn hefur fengið vistun á öðrum hvorum leikskólanum hvort það haldi samt áfram að vera í forgangi vegna aldurs ef foreldrar vilja flutning á milli skóla. Eða hvort það sé eðlilegra að barn sem ekki hefur fengið vistun fari ofar í forgang.

Í fyrsta forgangi eru börn starfsmanna sem er mjög mikilvægt. Eins og staðan er í dag er biðlisti og geta foreldrar þurft að bíða eftir leikskólaplássi fyrir börn sín. Þá voru vangaveltur um að foreldrar eða starfsmenn sem eru að koma úr fæðingarorlofi gætu nýtt sér það að koma til starfa við leikskólana og hætt störfum síðan fljótlega, þegar barnið er búið að fá vistun. Þá voru einnig vangaveltur um að þegar starfsmaður kemur til vinnu með barn sem fær vistun samkvæmt fyrsta forgangi hvort starfsmaður þurfi að vinna einhverja lágmarks skyldu t.d. 50- 75% vinnu og hvort leikskólastjóri gæti stjórnað því að barn væri ekki lengur í skólanum en nemur vinnutíma foreldris t.d. ef skólinn væri illa mannaður eins og við stöndum oft frammi fyrir. Stjórn Odda þyrfti e.t.v. að móta starfsreglur um þessa þætti.

Leikrými

Skólastjórar óska eftir því að Byggðarsamlagið Oddi bs marki sér stefnu varðandi leikrými barna í leikskólunum sínum. Þetta er mikilvægt þegar ákveða skal hvað mörg börn geta verið saman í rými hverju sinni. Það þarf að skapa börnunum gott vinnuumhverfi en of lítil rými, þrengsli, erill og hávaði geta haft slæm áhrif á börnin og þá sérstaklega þætti eins og einbeitingu, geðtengsl, kvíða, félagsþroska og málþroska. Að okkar mati ætti leikrými ekki að fara undir 3,5-4 fermetra pr. barn.

Sigrún Björk Benediktsdóttir
Leikskólaskólastjóri Leikskólanum Laugalandi

Rósa Hlín Óskarsdóttir
Leikskólaskólastjóri Heklukoti